

FUNDARGERÐ

149. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 11. mars 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamaður fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn

Á fundinn eru mættar, Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna, og Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins. Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri boðar forföll.

1. Starfsmannamál.

Halla upplýsti fræðslunefnd um að einn starfsmaður í rúmlega 50% starfi hafi sagt upp starfi sínu frá og með 1. apríl n.k. og hyggist leikskólastjóri bæta þessari stöðu á sig. Einnig hefur starfsmaður hætt störfum í ræstingum. Fræðslunefnd leggur til að leikskólastjóri auglýsi stöðu vegna ræstinga.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri kemur inn á fundinn.
Trúnaðarmál
Sveinn yfirgefur fundinn.

2. Vistunarreglur.

Halla leggur fram umsóknareyðublað um vistun frá Leikskólanum í Suður-Vík
Lagt fram til kynningar.

Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum.

Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál.

Halla, og Victoria yfirgefa fundinn

II. Tónskólinn

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

1. Starfsmannamál.

Kristinn upplýsir um starfsmannamál.
Starfsmannaviðtöl fara fram á næstunni og Kristinn kemur með niðurstöðu úr þeim fyrir næsta fund.

2. Önnur mál

Fyrirspurn kom vegna niðurfellingar á tónleikum er vera áttu mánudaginn 10. mars.
Kristinn upplýsti að þeir hefðu verið felldir niður þar sem undirbúningur af hálfu kennara var ekki viðunandi að hans mati. Þessir sömu tónleikar verða settir á dagskrá í aprílmánuði.

Rokktónleikar verða föstudaginn 14. mars n.k. kl. 20:00

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Victoria Jonsson fulltrúi kennara og Halla Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Starfsmannamál.

Kolbrún upplýsti að starfsmannaviðtölum væri næstum lokið og er allt útlit fyrir auglýsa þurfi 2 stöður kennara. Auglýsing fer í dagblöð fyrir páska. Einnig lítur út fyrir að bæta þurfi við tíma í sérkennslu.

2. Gestanemundur.

Kolbrún lagði fram drög vegna “skilyrða fyrir tímabundinni skólavist í Grunnskóla Mýrdalshrepps”
Lagt fram til kynningar og óskaði Kolbrún eftir að unnið yrði með drögin og mótuð stefna fyrir næsta skólaár.

3. Önnur mál

Kolbrún lagði fram breytingar á skóladagatali, þar sem von er á dönskum gestanemendum 26. maí til og með 1. júní n.k.

Af þeim sökum verður stóra skólaferðalaginu flýtt. Einnig verði námsmati á unglíngastigi flýtt. Skólaslitin verða því 4. júní.

Fræðslunefnd tekur jákvætt í breytingarnar.

Kolbrún sagði frá nýafstöðnu skákmóti sem haldið var í Salaskóla í Kópavogi. GSM sendi þrjár sveitir barna 13 ára og yngri sem stóðu sig frábærlega.

Victoria lagði fram “**Ályktun. Álagsgreiðslur til kennara dags. 10. mars 2008**

Stjórn Kennarafélags Suðurlands (KS) fagnar því að kennarar sem starfa á höfuðborgarsvæðinu fái aukagreiðslur í formi mánaðarlegra álagsgreiðslna eða eingreiðslu.

Laun kennara hafa dregist verulega aftur úr launum sambærilegra stétta sem meðal annars má sjá á erfiðleikum við mannaráðningar á þessu skólaári. Af þessum sökum hefur álag í skólum aukist gífurlega og ófaglærðu starfsfólki fjölgað mikið.

Tekið er undir ályktun frá aðalfundi Skólastjórafélags Suðurlands í nóvember s.l. Þar sem lýst er miklum áhyggjum með launakjör og samkeppnishæfni skólanna.

Kennarar Grunnskóla Mýrdalshrepps skora á Mýrdalshrepps að fylgja nú þegar fordæmi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og greiða grunnskólakennurum við Grunnskóla Mýrdalshrepps sérstaklega vegna aukins álags í starfi.

Kennarar Grunnskóla Mýrdalshrepps (sign)”

Kolbrún minnti á árshátíð skólans á morgun miðvikudag 12.03.2008

Kolbrún yfirgefur fundinn
Halla yfirgefur fundinn.

IV. Almenn.

1. Skólastefna.

Björgvin áætlað vinnufund fljótlega vegna skólastefnu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:50

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Karl Pálmason